

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 02.06.2022

Fundur 4-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar fimmtudagur 2. júní 2022 kl. 14:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Vignir Sveinsson, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Elín Rafnsdóttir og Erla Jónsdóttir, Bjarney Jónsdóttir boðaði forföll og sat Elín fundinn í hennar stað.

Vignir Sveinsson setti fund sem aldursforseti og stjórnaði honum, lagði hann til að Erla Jónsdóttir myndi rita fundargerð.

Dagskrá

1. Kosning oddvita
2. Kosning varaoddvita
3. Kosning ritara
4. Skipan í nefndir
5. Laun starfsmanna
6. Fundargerð Félas og skólajónustu ásamt ársreikningi. Lagt fram til kynninga
7. Erindi Félagsmálastjóra v/barnaverndarnefndar A-Hún
8. Sveitarfélagaskólinn
9. Önnur mál

Afgreiðsla

1. Kosning oddvita

Umræður urðu um kjör oddvita sveitarfélagsins, samþykkt var að Erla Jónsdóttir yrði oddviti.

2. Kosning varaoddvita

Umræður urðu um kjör varaoddvita, samþykkt að Vignir Sveinsson yrði varaoddviti.

3. Kosning ritara

Umræður urðu um kjör ritara, samþykkt að Bjarney Jónsdóttir yrði ritari.

4. Skipan í nefndir

Umræður urðu um kjör í nefndir og eftirfarandi voru skipaðir:

Fræðslunefnd, sem aðalmaður: Kolbrún Ágústa Guðnadóttir og til vara Kristján Heiðmar Kristjánsson.

Skipulags- og bygginganefnd, sem aðalmenn: Magnús Björnsson, Linda Björk Ævarsdóttir og Rafn Sigurbjörnsson og til vara verði Elín Rafnsdóttir, Kolbrún Ágústa Guðnadóttir og Baldvin Sveinsson.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 02.06.2022

Fundur 4-2022

Kjörstjórn, sem aðalmenn: Bjarney Jónsdóttir, Guðjón Ingimarsson og Dagný Rósa Úlfarsdóttir, varamenn verði Gunnur Gísladóttir, Sólveig Róarsdóttir og Kristján Heiðmar Kristjánsson.

Fulltrúar á SSNV þing verði aðalmenn Erla Jónsdóttir og Vignir Sveinsson og til vara Kristján Steinar Kristjánsson og Bjarney Jónsdóttir.

Fulltrúi á fund Samband íslenskra sveitarfélaga sem aðalmaður Erla Jónsdóttir og Vignir Sveinsson til vara.

Jafnréttisnefnd, aðalmenn: Linda Björk Ævarsson, Jens Jónsson og Helga B Ingimarsdóttir og til vara Magnús Björnsson.

Byggðasamlag búfjárefnirlits og fjallskilanevndar aðalmaður Jón Helgi Sigurgeirsson og til vara Magnús Björnsson

Byggðasamlag um Tónlistaskóla verði aðalmaður Hafrún Ósk Hallgrímsdóttir og til vara verði Karen Helga Steinsdóttir

Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu A-Hún verði aðalmaður Erla Jónsdóttir og til vara Vignir Sveinsson.

Fjallskilanevnd, aðalmenn Jón Helgi Sigurgeirsson, Magnús Björnsson, Erla Jónsdóttir, Guðjón Ingimarsson og Þröstur Líndal.

5. Laun starfsmanna

Laun kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa fyrir setinn fund verða 2,4% af þingfararkaupi

Laun kjörinna nefndarmanna fyrir setinn fund verða 1,2% af þingfararkaupi

Laun formanna nefnda verða fyrir setinn fund 2,4% af þingfararkaupi

Laun kjörstjórnar verða tvöföld nefndarlaun á kjördegi.

Laun oddvita verði 30% af þingfararkaupi.

Greitt er fyrir akstur samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturs- og ferðakostnað á hverjum tíma.

6. Fundargerð Félags- og skólaþjónustu ásamt ársreikningi. Lagt fram til kynninga

Fundargerð og ársreikningur aðeins lagt fram til kynningar.

7. Erindi Félagsmálastjóra v/barnaverndarnefndar A-Hún

Óskað er eftir nefndarskipan í barnaverndarnefnd verði óbreytt frá fyrra kjörtímabili þar sem vænta má breytinga, Skagabyggð hefur ekki haft nefndarmann og því erindi til kynningar.

8. Sveitarfélagaskólinn

Erindi frá Sveitarfélagaskólanum varðandi námskeið, samþykkt var að senda upplýsingar á alla aðalmenn og varamenn og gefa þeim kost á því sækja námskeið á kostnað sveitarfélagsins.

9. Önnur mál

a) Skýrsla kjörstjórnar vegna kjörfundar til sveitarstjórnar 2022.

Kjörfundur var í Skagabúð laugardaginn 14. maí 2022, kl. 12:00-18:00.

Á kjörskrá voru 67. Á kjörstað kusu 41 og það voru 3 utankjörfundaratkvæði, alls 44 sem kusu. Það gerir 66% kosningaþátttöku, sem er minni þátttaka en 2018 en þá var þátttakan 71%.

Það var 1 auður seðill og einn ógildur seðill. Þrír aðalmenn frá fráfarandi sveitastjórn

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 02.06.2022

Fundur 4-2022

höfðu skorast undan endurkjöri.

Aðalmenn í sveitarstjórn Skagabyggðar 2022-2026 eru:

Magnús Jóhann Björnsson 32 atkvæði

Kristján Steinar Kristjánsson 20 atkvæði

Vignir Ásmundur Sveinsson 19 atkvæði

Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir 19 atkvæði

Erla Jónsdóttir 15 atkvæði

Varamenn eru í þessari röð:

1. Elín Anna Rafnsdóttir 16 atkvæði í 1.sæti + aðalmaður

2. Kolbrún Ágústa Guðnadóttir 15 atkvæði í 1.-2.sæti + aðalmaður

3. Baldvin Sveinsson 17 atkvæði í 1.-3. sæti + aðalmaður

4. Linda Björk Ævarsdóttir 17 atkvæði í 1.-4. sæti + aðalmaður

5. Helga Björg Ingimarsdóttir 13 atkvæði í 1.-5. sæti + aðalmaður

- b) Rætt var að setja á fót vinnuskóla fyrir unglinga sveitarfélagsins og vinna að snyrtingu og viðhaldi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp af skjá, samþykkt og verður undirrituð við fyrsta tækifæri. Fundi slitið kl. 17:20.

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Elín Rafnsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson